

<b>Titill</b>	Hæfniferð
<b>Skammstöfun</b>	FJAL3HF05
<b>Námsgrein</b>	Fjallamennska
<b>Viðfangsefni</b>	Leiðsagnarhæfni
<b>Þrep</b>	3
<b>Einingafjöldi</b>	5

<b>Lýsing:</b>	Námið er vettvangsnám í náttúrunni þar sem tekist er á við raunaðstæður. Í ferðinni sameinast flest þau námskeið sem nemandi hefur lokið og þar nýtir hann þá þekkingu, leikni og hæfni sem hann hefur öðlast í náminu til að leysa verkefni ferðarinnar. Megináherslan er á nemandann sjálfan sem ábyrgan fjallamann og leiðsögumann. Leiðsagnarhæfni nemenda er metin í þessum áfanga.
----------------	--

<b>Forkröfur:</b>	Allir áfangar í Fjallamennskunámi FAS
-------------------	---------------------------------------

<b>Þekkingarviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skipulagningu fjölbreyttra, lengri fjalla- og óbyggðaferða</li> <li>• kortalestri, áttavita og GPS</li> <li>• rötun og leiðarvali í fjalllendi</li> <li>• sérhæfðum búnaði til fjallamennsku og tjaldferða</li> <li>• aðhlyningu þátttakenda í lengri ferðum</li> <li>• þverun straumvatna</li> <li>• útiöldun</li> <li>• nauðsynlegum öryggisbúnaði</li> <li>• eigin styrkleikum og takmörkunum</li> <li>• mikilvægi leiðsagnar og hópstjórnunar</li> <li>• tækifærum og möguleikum til hollrar útivistar og fjallamennsku í nærumhverfi sínu</li> <li>• hagnýtri veðurfræði og náttúrufræði</li> <li>• mikilvægi þess að ganga vel um landið</li> <li>• mismunandi aðstæðum í óbyggðum og fjalllendi og viðbrögðum við þeim</li> <li>• skipulagi við lengri afþreyingarferðir af mismunandi tagi</li> </ul>
------------------------	--

<b>Leikniviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leiðsegja og stýra hópum</li> <li>• greina og nýta sér helstu þætti við skipulag og undirbúning ferða</li> <li>• rata með hjálp áttavita og GPS</li> <li>• rata og velja leiðir í fjalllendi, meta áhættu og stýra þeirri hættu</li> <li>• huga vel að sjálfum sér og öðrum í ferðum</li> <li>• velja staði til að þvera straumvatn</li> <li>• meta aðstæður úti í íslenskri náttúru</li> </ul>
---------------------	---

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• finna heppilega samstarfsaðila og tengiliði við skipulag og undirbúning ferða</li> <li>• nýta sér aðstæður í náttúrunni og meta veðurútlit</li> <li>• meta eigin styrkleika og mörk</li> <li>• skipuleggja og stunda lengri fjalla- og óbyggðaferðir og nota viðeigandi búnað af öryggi</li> </ul>
--	---

<b>Hæfniviðmið</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leiðsegja og stýra hópum</li> <li>• útbúa raunhæfa ferðaáætlun fyrir styttri og lengri ferðir</li> <li>• rata af öryggi með hjálp áttavita og GPS</li> <li>• rata og velja öruggustu leiðina í fjalllendi</li> <li>• geta tekið ákvarðanir miðað við ástand þátttakenda, staðhætti og aðstæður</li> <li>• geta sinnt matarundirbúningi við frumstæðar aðstæður</li> <li>• taka ákvarðanir sem leiðtogi</li> <li>• velja heppilega samstarfsaðila eða tengilið í nærumhverfi sínu</li> <li>• geta stundað fjölbreytta útivist á öruggan hátt</li> <li>• geta brugðist við á viðeigandi hátt þegar slys ber að höndum í ferðalögum</li> <li>• skipuleggja og stunda fjölbreyttar fjalla- og óbyggðaferðir og greina þá þætti sem koma að skipulagningu</li> <li>• nýta sér það sem sjá má af veðurútliti</li> <li>• miðla fróðleik um náttúru landsins sem fyrir augu ber á ferðalagi</li> <li>• stunda fjallaferðir við mismunandi aðstæður</li> <li>• nýta sér sérhæfðan búnað sem þarf til að ferðast</li> <li>• leggja mat á hættur og stýra mögulegum áhættuþáttum</li> <li>• geta stuðlað að jákvæðri upplifun þátttakenda í útvistarferðum</li> <li>• taka saman í lok ferðar mat á hvernig til tókst og geta dregið lærdóm af því</li> </ul>
--------------------	---

<b>Námsmat</b>	Leiðsagnarmat á vettvangi og námsmappa
----------------	--

<b>Leiðbeiningar</b>	<p>Námsmatið er leiðsagnarmat sem unnið er með reglulegum samskiptum á milli nemenda og kennara, bæði í ferðinni sjálfri, fyrir og eftir ferð.</p> <p>Gert er ráð fyrir fundum um námið í upphafi og lok dags á meðan á ferðinni stendur.</p> <p>Nemandi skilar loggbók í lok ferðar og er hún hluti af námsmöppu.</p>
----------------------	--